



Ársskýrsla

starfsárið 2017-2018

maí - apríl

Aðalfundur 2018

4. maí 2018

1. Félagar

Félagar í Upplýsingu eru í dag um það bil 423 og þar af 45 stofnanir. Á starfsárinu sem er að ljúka voru 6 nýir félagar skráðir. Úrsögn úr félaginu er svipuð og áður. Yfirleitt detta 2-3 félagar út á ári og er ástæðan yfirleitt sú að einstaklingar fara á eftirlaun eða hverfa á annan starfsvettvang og segja sig úr félaginu. Einnig detta félagar út af skrá ef þeir hafa ekki greitt félagsgjöld í 2 ár samfleytt og eru alltaf einhverjir sem segja sig úr félaginu á þann hátt. Einungis ein stofnun sagði upp stofnanaaðild á þessu starfsári sem telst mjög jákvætt

Félagsaðild er að mestu leyti einstaklingsaðild en í raun eru fimm aðildarflokkar:

- Almennir félagar. Þeir greiða nú 7.000 krónur í árgjald.
- Stofnanir. Stofnanir greiða nú 14.000 krónur í árgjald.
- Nemendur í upplýsingafræði. Þeir greiða nú 3.500.
- Heiðursfélagar. Greiða ekki árgjald.
- Eldri félagar. Geta sótt um að greiða hálft árgjald.

2. Stjórn Upplýsingar

Samkvæmt núgildandi lögum skal stjórn félagsins skipuð fimm mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Auk þess skulu kosnir tveir varamenn.

Stjórn Upplýsingar starfsárið 2017-2018 var sem hér segir:

Formaður: Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar, Landsbókasafni

Varaformaður: Sigurlaug Rósa Guðjónsdóttir, Bókasafni Tækniskólans

Gjaldkeri: Magný Rós Sigurðardóttir, Landsbókasafni

Ritari: Jóna Guðmundsdóttir, Bókasafni Mosfellsbæjar

Meðstjórnandi: Alda Davíðsdóttir, doktorsnemi í Upplýsingafræði og starfsmaður bókasafns Patreksfjarðar.

Varamenn í stjórn: Helga Halldórsdóttir og Sigríður Júlía Sighvatsdóttir

Í ár sat einnig áheyrnarfulltrúi starfsfundi stjórnar. Tilgangur þess var að undirbúa viðkomandi til setu í stjórn félagsins en nú í ár ganga allir sem eru í núverandi stjórn út og því er mannabreyting mikil. Til að þekkingin myndi ekki glatast var gripið á það ráð að finna einstakling sem hefði áhuga á að taka setu í stjórn félagsins vorið 2018 og setja viðkomandi inn í málin með því að viðkomandi sæti stjórnarfundi þetta starfsár. Sú sem gaf kost á sér og tekur sæti í stjórn Upplýsingar nú á aðalfundi er Oddfríður Steinunn Helgadóttir, starfsmaður Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

3. Húsnæðismál

Eins og verið hefur undanfarið ár hefur félagið ekki fasta skrifstofu undir starfsemi sína.

Félagið leigir geymsluaðstöðu hjá Geymslum ehf að Fiskislóð 11, 101 Reykjavík. Þar er skjalasafn félagsins geymt sem og annað tilfallandi. Starfsaðstaða stjórnarmeðlima er því á heimilum þeirra sem og á vinnustöðum sumra, með leyfi yfirmanna þeirra. Stjórnarfundir hafa verið haldnir til skiptis á vinnustöðum stjórnarmeðlima að undanskildum vinnustað Öldu Davíðsdóttur sem býr og starfar á Patreksfirði.

4. Stjórnarfundir og rekstur félagsins

Daglegur rekstur og verkefni félagsins eru í höndum stjórnar og hélt stjórn félagsins 8 stjórnarfundir á tímabilinu og átti svo í nær daglegum samskiptum á samfélagsmiðlum. Áhersla stjórnar á þessu starfsári var eins og áður, á fagleg málefni og fræðsla til félagsmanna en einnig að ná betur til félagsmanna með því að efla viðveru og sýnileika félagsins á samfélagsmiðlum. Innan Upplýsingar starfa einnig starfshópar sem skipuleggja og halda utan um ýmis verkefni á vegum Upplýsingar s.s. Bókasafnsdaginn, Landsfund, útgáfu Bókasafnsins, Höfundaréttarnefnd og Framtíðarhópur sem hefur unnið að endurmenntunarmöguleikum félagsmanna. Þess skal getið að stjórnarmenn fá greitt fyrir stjórnarsetu, greitt er fyrir ritnefndarstörf, vefstjórn og gjaldkerastörf auk þess sem formaður fær greidda þóknun mánaðarlega. Formaðurinn er í raun framkvæmdastjóri félagsins og sér um öll samskipti og helstu útréttingar á vegum þess. Þessar upphæðir eru tilgreindar í reikningum félagsins.

5. Fjármál og styrkir

Árgjöld félaga, bæði einstaklinga og stofnana, er rekstrarfé félagsins. Þó sækir félagið um styrki vegna sérstakra atburða eins og Bókasafnsdags og Landsfundar. Ávallt er stefnt að því að þessir viðburðir standi undir sér og kostnaður lendi sem minnst á félaginu. Einnig er sótt um styrk til Mennta- og menningarmálaráðuneytis til að standa undir kostnaði við faglega fundi og erlent samstarf og hefur slíkur styrkur fengist undanfarin ár. Nú er styrknum ætlað að standa undir kostnaði vegna fundar Norrænna bókavarðafélaga sem haldinn var í Kaupmannahöfn í Danmörku í janúar 2018 en formaður félagsins og áheyrnarfulltrúi í stjórn sóttu þann fund, kostnað við að senda fulltrúa Upplýsingar á Next Library ráðstefnuna í Þýskalandi í september 2018 og Landsfund sem haldinn verður í október 2018.

6. Afsláttarkjör fyrir félagsmenn

Eins og verið hefur undanfarin ár fá félagsmenn 20% afslátt af bókum og tímaritum í Eymundsson. Einnig fá félagar 20% afslátt í Iðu Zimsen, Vesturgötu 2a, 10% afslátt af völdum námskeiðum hjá Promennt og 10% afslátt í A4. Á síðasta starfsári náðust inn ný afsláttarkjör hjá Endurmenntun HÍ. Félagsmenn fengu sértílbóð á hverri önn í formi 15% afsláttar á nokkur valin námskeið hjá Endurmenntun HÍ en vegna dræmrar nýtingar sagði EHÍ upp samningnum við félagið og er því sá afsláttur ekki lengur í gildi. Félagsmenn fá svo frítt á Morgunkorn og afsláttur er veittur af skráningargjaldi Landsfundar og ráðstefnum og málþingum á vegum Upplýsingar og erlendra samtaka sem félagið er aðili að. Einnig er jólagleðin og aðrar heimsóknir félagsins án endurgjalds fyrir féлага Upplýsingar. Reynt er að láta gjöld ganga upp á móti tekjum þannig að félagsmenn fái til baka það sem þeir setja í það. Í einstaka tilvikum hefur rútugjald verið innheimt ef heimsókn á vegum félagsins er fyrir utan höfuðborgarsvæðið.

7. Útgáfumál og upplýsingamiðlar

Bókasafnið

Félagið gefur út tímaritið Bókasafnið einu sinni á ári.

Síðastliðið vor kom út 41. árgangur Bókasafnsins og á næstunni mun félögum berast 42. árgangur blaðsins. Hægt er að lesa eldri árganga blaðsins á timarit.is.

Fregnir

Fréttabréfið Fregnir hefur ekki verið í reglulegri útgáfu undanfarin ár en efni er sett á vef Fregna þegar það á við (<http://upplysing.wordpress.com/>).

Vef- og samfélagsmiðlar Upplýsingar

Vef- og samfélagsmiðla Upplýsingar má flokka í þrjá hópa. Í fyrsta lagi efnisvefi tengdir starfi Upplýsingar, tilkynninga- og samskiptatæki og sértæka efnisvefi.

Efnisvefir: upplysing.is / Youtube / Instagram (Upplýsing)

Tilkynninga- og samskiptatæki: Facebook

Sértækir miðlar: [Bokasafn.is](http://bokasafn.is) / Facebook (Bókasafnsdagurinn) Instagram (Bókasafnsdagurinn) / Twitter (Bókasafnsdagur) / Snapchat (bokasafn.is)

Efnisvefir:

Vefur upplýsingar, upplysing.is inniheldur upplýsingar um starfsemi félagsins, fræðslu, starfsumhverfi félagsmanna upplýsingar um viðburði, myndasafn og innri vef. Einnig eru hýstir undir vef upplýsingar undirvefir ss. vefur um upplýsingalæsi, vefur Bókasafnsins, Bókasafnsdagsins og sérstakir ráðstefnuvefir vegna viðburða tengdum faginu. Vefurinn var endurhannaður í WordPress umhverfi og opnaður vorið 2017.

Notkun vefsins:

Samkvæmt vefmælingum voru samanlögð innlit á vefinn upplysing.is árið 2017: 7.049. Að meðaltali skoða 587 notendur vefinn í hverjum mánuði. Árið 2017 voru síðuflettingar og heimsóknir færri en árið á undan en það skýrst fyrst og fremst af því að árið 2016 var Landsfundarár.

Upplýsing.is	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017*
Fjöldi innlita	7.033	12.926	6.703	7.650	9.608	14.891	7.049
Notendur	3.422	5.387	4.236	4.401	6.498	8.330	5.245
Flettingar	26.882	45.815	19.791	21.454	23.051	39.476	14.194

* Skipt var um vefmælingaþjónustu um mitt ár 2017.

Á **Youtube rás Upplýsingar** má finna safn myndbanda sem tekin hafa verið upp á stafræna myndbandstökuvél sem er í eigu upplýsingar. Þar má helst nefna upptöku af morgunkornum og ráðstefnum. Árið 2017 leitast við að streyma öllum Morgunkornum beint í gegnum Youtube. Í einhverjum tilfellum reyndist netsamband ekki nógu stöðugt og var myndband sett inn að morgunkorni loknu.

Á tímabilinu apríl 2017 til apríl 2018 voru birt 6 myndbönd til viðbótar við þau 13 sem fyrir voru.

Instagram (upplýsing) var notað í kringum Landsfund 2016. Fylgjendur 78

Twitter (Upplýsing): fylgjendur 18

Tilkynninga- og samskiptatæki:

Facebook síða Upplýsingar er upplýsingasíða um starfsemi félagsins og málefni sem tengjast félaginu. Þar eru helst settar inn tilkynningar og skráningar vegna viðburða, myndir af starfi félagsins og einnig er áhugaverðum fréttum deilt á síðuna. Fyrirspurnir hafa einnig verið að berast gegnum Facebook til félagsins. Facebook síða Upplýsingar hefur 447 fylgjendur.

Sértækir miðlar:

bokasafn.is / Facebook (Bókasafnsdagurinn) Instagram (Bokasafnsdagurinn) / Twitter (Bokasafnsdagur) / Snapchat (bokasafn.is)

Vefurinn bokasafn.is hefur ekki verið auglýstur sérstaklega en virðist engu að síður vera að draga að sér traffík. Mesta umferð má sjá í leit að almenningssöfnum á höfuðborgarsvæðinu. Mest skoðuðu söfnin eru Bókasafn Kópavogs, Bókasafn Reykjarnesbæjar og Lindasafn.

bokasafn.is	2013	2014	2015	2016	2017
Fjöldi innlita	3.668	11.210	22.426	22.522	18.321
Notendur	2.810	9.410	18.679	18.679	14.579
Flettingar	12.244	32.685	54.259	55.600	44.432

Miðlar bókasafnsdagsins

Facebook (Bókasafnsdagurinn): 713 fylgjendur

Instagram (Bokasafnsdagurinn): 68 fylgjendur

Twitter (Bokasafnsdagurinn): 50 fylgjendur

Snapchat (bokasafn.is): 245 fylgjendur

Utanumhald miðla Upplýsingar

Vef- og miðlastjóri Upplýsingar er Óskar Þór Þráinsson. Meðal verkefna vefstjóra eru uppfærsla vefsins með tilliti til viðburða svo sem morgunkorna, ráðstefna, málfunda, og annarra uppakoma á vegum félagsins. Árið 2017 var bæði haldið utan um upplýsingavef bókasafnsdagsins bæði á upplysing.is og á bokasafn.is sem vefstjóri sér um. Vefstjóri hefur unnið með undirbúningsnefnd Bókasafnsdagsins að markaðs- og kynningarefni og upplýsingagjöf gegnum miðla félagsins. Á síðasta ári lauk vinnu vegna uppfærslu aðal vefsins. Vefstjóri sér einnig um að taka upp, klippa og vinna myndbönd af ráðstefnum, málþingum, morgunkornum og öðrum viðburðum tengdum Upplýsingu og varðveita.

Skýrsla útgáfunefndar Upplýsingar um starfsárið 2017-2018

Starfsár ritnefndar hófst í september 2017 með óbreyttri ritnefnd frá fyrra starfsári. Nefndin hefur haldið 12 fundi á árinu.

Ritnefnd skipa

- Eva Dögg Diego Þorkeldsdóttir ritari
- Eyrún Sigurðardóttir auglýsingastjóri
- Gunnhildur Björnsdóttir gjaldkeri
- Jóna Kristín Ámundadóttir vefstjóri
- Sveinn Ólafsson ritstjóri

Gunnhildur og Sveinn hafa nú setið í þrjú ár í nefndinni, Eva, Eyrún og Jóna Kristín tvö ár. Öll hætta þau störfum þar eftir útgáfu 42. árgangs.

Fjárhagur útgáfunnar hefur verið stöðugur undanfarin ár og unnt hefur verið að greiða allan kostnað við útgáfuna. Nokkrir aðilar hafa auglýst ár eftir ár, og má þar minnst á Landskerfi bókasafna, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Prím (Metrabók), og Þjónustumiðstöð bókasafna. Auk þess greiða bókasöfn fyrir auglýsingar um afgreiðslutíma þeirra. Í 42. árgangi auglýsa auk þess Borgarbókasafnið, Britannica, Hapdrætti H.Í., One systems, Óðinsauga, Rannís og Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga. Án þeirra stuðnings væri ekki hægt að fjármagna útgáfu blaðsins, og eiga þessi fyrirtæki þakkir skildar. Næsta tölublað verður með hefðbundnu sniði og kemur út í maí. Eldri tölublöð Bókasafnsins eru núna aðgengileg á timarit.is.

27. apríl 2018

Sveinn Ólafsson

8. Bókasafnsdagurinn 2017

Bókasafnsdagurinn var sem fyrr haldinn á Degi læsis 8. September 2017. Dagurinn var auglýstur í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Morgunkorn dagsins var haldið í fyrirlestrarsal Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns þar sem Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og formaður VG flutti erindi um bókasöfn og lýðræði. Þá var einnig ný vefsíða Upplýsingar kynnt til sögunnar af vef- og miðlastjóra félagsins, Óskari Þór Þráinssyni.

9. Ferðasjóður Upplýsingar

Fullgildir félagar Upplýsingar til fimm ára geta sótt í sjóðinn styrk upp á 30.000 kr. fyrir náms- og kynnisferðir erlendis. Að þessu sinni hlutu 5 félagar styrk: Anna Sigríður Einarsdóttir, Linda Rós Arnarsdóttir, Súsanna Sigríður Flygenring, Áslaug Þorfinnsdóttir og Þorbjörg Bergmann.

10. Höfundarréttarmál

Meðlimir höfundarréttarhóps hafa nú setið í tvö ár og er því mikil endurnýjun á hópnum nú á vormánuðum. Allir meðlimir ganga úr honum nema Hrafn Malmquist. Það eru því 2-3 nýir einstaklingar sem taka sæti í hópnum á vormánuðum.

12. Fræðslumál

Endurmenntun HÍ.

Haustið 2016 var leitast eftir samstarfi við Endurmenntun HÍ um afslátt til félagsmanna af námskeiðum þeirra og var það samstarf staðfest með undirritun samnings í desember 2017. Í samstarfinu féllst að félagar Upplýsingar hafa greiðari aðgang að upplýsingum um þau námskeið sem í boði eru hjá Endurmenntun HÍ og einnig er sértílbóð í boði fyrir félagsmenn í formi 15% afsláttar á nokkur námskeið á hverri önn. Nýtingin var ekki eins góð og vonast var til og í byrjun árs 2018 sagði Endurmenntun HÍ upp samningnum við félagið á þeim forsendum að nýtingin væri ekki nægilega góð.

Landsfundur

Landsfundur Upplýsingar verður haldinn 25.-26. október á þessu ári í Silfurbergi í Hörpu og er undirbúningur vegna hans farinn vel af stað. Að þessu sinni er það starfsfólk Borgarbókasafns Reykjavíkur sem situr í Landsfundarnefnd.

Málþing

Upplýsing stóð fyrir málþingi þann 24. nóvember 2017. Yfirskrift þess var Samstarf og samstaða. Tilgangur málþingsins var að vekja athygli á þeirri þörf sem er jafn mikilvæg nú og áður, að bókasöfnin í landinu og starfsfólk þeirra, starfi og standi saman. Aðalfyrirlesari málþingsins var Mariann Schjeide, formaður norska bókavarðafélagsins en hún fræddi okkur um þeirra starfsemi og hvernig málum er háttað í Noregi. Fulltrúar nokkurra fags- og starfshópa fluttu örerindi um sitt starf sem var mjög fræðandi og Ingrid Kuhlman hélt erindi þar sem hún fjallaði m.a. um hindranir í samstarfi. Í lokin voru síðan pallborðsumræður sem þóttu mjög líflegar og áhugaverðar með frábærum fyrirspurnum úr sal sem gáfu af sér gagnlegar umræður og hugmyndir.

Fulltrúar framtíðarhóps, Margrét Sigurgeirsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Garðabæjar og Sigríður Júlía Sighvatsdóttir, safnstjóri 365 og útibússtjóri Bókasafns Garðabæjar-Álftanessafn báru þungan af skipulagningu málþingsins ásamt Kristjönu Mjöll Jónsdóttur Hjörvar, formanni Upplýsingar, Heiðu Rúnarsdóttur, formanni FFÁS og Ásu Þorkelsdóttur, fulltrúa samstarfshóps bókasafns- og upplýsingafræðinga í framhaldsskólum.

Morgunkorn

Morgunkorn voru á sínum stað á síðasta starfsári. Tilgangur morgunkorna er að efla faglega vitund félagsmanna og fá bæði einstaklinga utan og innan félagsins til að ræða mál sem eru í brennidepli hverju sinni. Fundirnir standa í einn og hálfan tíma og lýkur með umræðum ef tími leyfir. Fundunum er einnig streymt beint á YouTube og upptökurnar svo aðgengilegar þar eftir að fundi lýkur.

Skipulögð voru 6 Morgunkorn en einu þurfti að aflýsa vegna forfalla á síðustu stundu og því voru 5 Morgunkorn haldin á þessu starfsári.

September 2017 - Fyrsta Morgunkornið var, eins og venja er, haldið í tilefni Bókasafnsdagsins og nú í fyrirlestrarsal Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og formaður VG, hélt erindi um bókasöfn og lýðræði.

Október 2017 – Annað Morgunkorn vetrarins var haldið í fyrirlestrarsal Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og var tileinkað alþjóðlegri viku opins aðgangs sem stóð yfir dagana 23.-29. október. Anna Sigríður Guðnadóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur á heilbrigðisvísindabókasafni LSH og HÍ hélt erindið, “OpenAIRE verkefni Evrópusambandsins, hvað gengur það út á?” og Sigurgeir Finnsson, bókasafns- og upplýsingafræðingur á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni hélt erindið, “Opinn aðgangur, hvað er það?” Um opinn aðgang, Opin vísindi og ægivald útgefanda.

Nóvember 2017 – Morgunkorn féll niður vegna forfalla fyrirlesara.

Janúar 2018 – Þriðja Morgunkorn vetrarins var haldið á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni en þar héldu fulltrúar Landskerfis erindi og sögðu okkur frá ferlinu við undirbúning og framkvæmd útboðs á nýju bókasafnskerfi sem verður arftaki hugbúnaðarins að baki Gegni.

Febrúar 2018 - Úlfhildur Dagsdóttir fræddi okkur um Rafbókasafnið sem opnaði formlega í janúar 2017. Morgunkornið var haldið í aðalsafni Borgarbókasafns, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík.

Apríl 2018 – Nanna Guðmundsdóttir, forstöðumaður Amtsbókasafnsins á Stykkishólmi, sagði okkur frá flutningum safnsins í nýtt húsnæði. Morgunkornið var haldið á Bókasafni Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ.

Upplýsing þakkar öllum þeim sem hýst hafa Morgunkorn og aðra viðburði félaginu að kostnaðarlausu. Það er ómetanlegur stuðningur við félagið. Einnig hafa fyrirlesarar einnig sýnt félaginu einstaka velvild með því að flytja sín erindi endurgjaldslaust.

Aðrir viðburðir

Jólagleði félagsins var haldin föstudaginn 24. nóvember, beint á eftir málþinginu, Samstarf og samstaða. Að þessu sinni var það Bókasafn Seltjarnarness sem bauð okkur heim og á Kristín Arnþórsdóttir, forstöðumaður þess og starfsfólk hennar, miklar þakkir skyldar. Gestir nutu veitinga frá Galito á Akranesi og Þorvaldur Már Guðmundsson spilaði listilega á gítar. Félagið gaf viðstöddum fjölnota poka sem unnir voru í samstarfi við Ævar Þór Benediktsson rithöfund og leikara sem og Eymundsson bókaverslanir. Pokarnir skörtuðu tilvitnun í Ævar Þór sem hann lét falla á Morgunkorni félagsins á Bókasafnsdaginn 2016 og Eymundsson styrkti gerð pokanna.

Vísindaferð Upplýsingar var haldin 16. mars sl. og að þessu sinni var farið í heimsókn í Hljóðbókasafn Íslands. Þar tók Þóra Sigríður Ingólfssdóttir, forstöðumaður safnsins og starfsfólk hennar, vel á móti okkur. Viðstaddir fengu kynningu á sögu safnsins og tilgangi og einnig kynningu á því hvernig safnið býr til hljóðbækur.

Upplýsing þakkar ofangreindum söfnum kærlega fyrir góðar móttökur. Sérstaklega fólkinu sem lagði á sig vinnu utan hefðbundins vinnutíma að taka á móti félagsmönnum

13. Nefndir, ráð og starfshópar á vegum Upplýsingar 2017 – 2018

Nefndum sem félagið hefur skipað tengt starfi félagsins hefur stórlega fækkað undanfarin ár og þeirra starf lent meir og meir á stjórn félagsins. Ástæðan er einföld, erfiðlega hefur gengið að fá fólk til að starfa í nefndum fyrir félagið þegar aðrir hafa hætt. Hér á eftir fara þær tvær föstu nefndir og starfshópar sem störfuðu fyrir félagið á síðasta starfsári

Útgáfunefnd - hefur það hlutverk að ritstýra og gefa út Bókasafnið og halda utan um vef Fregna. Sveinn Ólafsson er ritstjóri nefndarinnar en auk hans eru Gunnhildur Björnsdóttir gjaldkeri, Jóna Kristín Ámundadóttir, vefstjóri, Eva Dögg Diego, ritari og Eyrún Sigurðardóttir, auglýsingastjóri. Öll ljúka þau nú starfi sínu og vantar því nýtt fólk í ritnefnd Bókasafnsins.

Höfundaréttarhópur

Í hópnum hafa síðastliðin tvö ár starfað, Anna Sjöfn Skagfjörð Rósudóttir, formaður hópsins, Óli Gneisti Sóleyjarson, Hrafn Malmquist og Jóhann V. Gíslason. Nú í ár ljúka þau sínum tveimur árum og þarf því nýtt fólk til starfa. Hrafn Malmquist er sá eini sem gefur kost á áframhaldandi setu.

Starfshópar

Þau vinnubrögð hafa tíðkast um nokkurt skeið að auglýsa eftir þátttakendum í hópa um ýmis málefni og gefa þannig félögum kost á að vinna við undirbúning þeirra. Allir félagsmenn eru velkomnir í þessa hópa.

Undirbúningshópur Bókasafnsdagsins hefur unnið að framgangi þess dags og borið allan þunga af undirbúningi hans.

Landsfundarnefnd Landsfundar 2018 vinnur nú hörðum höndum við skipulagningu Landsfundar sem haldinn verður í Hörpu í október. Það eru starfsfólk Borgarbókasafns sem skipa nefndina.

Framtíðarhópur ásamt öðrum, skipulögðu málþing Upplýsingar sem haldið var í nóvember 2017 og er til taks er kemur að skipulagningu slíkra fræðsluviðburða.

14. Innlent samstarf

Upplýsing á fulltrúa í ýmsum nefndum utan Upplýsingar.

a) Blái skjöldurinn

Upplýsing, sem fulltrúi IFLA, á fulltrúa í landsnefnd Bláa skjaldarins og í fræðsluhóp Bláa skjaldarins. Jóna Kristín Ámundadóttir situr í landsnefnd Bláa skjaldarins fyrir Upplýsingu/IFLA. Landsnefnd Bláa skjaldarins hélt fjóra fundi frá síðasta aðalfundi Upplýsingar. Einnig voru haldnir þrír fundir í fræðslunefnd sem Jóna Kristín situr einnig í. Landsnefndin hefur hleypt af stokkunum heimasíðu (<http://blaiskjoldurinn.is/>) sem fulltrúi Upplýsingar hafði umsjón með. Sótt var um 30.000 kr styrk frá Upplýsingu fyrir ferð nefndarmanna á ársþing landsnefnda Bláa skjaldarins í Vín og var sá styrkur veittur.

b) Undirbúningsnefnd árlegrar barna- og unglingabókaráðstefnu í Gerðubergi

Á ári hverju er haldin barna- og unglingabókaráðstefna í Menningarhúsinu í Gerðubergi. Upplýsing á fulltrúa í undirbúningsnefnd þeirrar ráðstefnu. Gréta Björg Ólafsdóttir, deildarstjóri barnastarfs í Bókasafni Kópavogs er fulltrúi Upplýsingar í undirbúningsnefndinni.

c) Fulltrúaráð Þjónustumiðstöðvar Bókasafna

Fulltrúaráð Þjónustumiðstöðvar Bókasafna var stofnað 2016. Fulltrúi úr stjórn Upplýsingar situr í ráðinu og er það Magný Rós Sigurðardóttir, gjaldkeri Upplýsingar, sem sinnir því hlutverki.

15. Norrænt og alþjóðlegt samstarf

Alþjóðleg og norræn samskipti eru mismikil. Reynt hefur þó verið að halda uppi samstarfi við norrænu bókavarðafélögin og IFLA enda má til sanns vegar færa að þessi samskipti séu féluginu gagnlegust.

a) Samstarf norrænu bókavarðafélaganna

Fulltrúar norrænu bókavarðafélaganna hittast að jafnaði tvisvar á ári. Fundað er á meðan IFLA þing stendur og svo er skipst á um að bjóða til funda. Síðasti fundur var haldinn í Kaupmannahöfn í Danmörku dagana 18.-19 janúar og sótti formaður Upplýsingar fundinn ásamt áheyrnarfulltrúa stjórnar. Á fundinum sögðu fulltrúar hvers félags frá því sem væri á döfinni í þeirra starfi og einnig rætt um framtíðarverkefni, væntanlegar niðurstöður Global Vision könnunar IFLA o.fl. Á þessum fundi var ákveðið að Danir myndu halda utan um Caucus á IFLA þinginu í sumar og næsti samstarfsfundur norrænu bókavarðafélaganna yrði haldinn á IFLA en þar næsti í Helsinki í janúar 2019.

b) IFLA

Upplýsing sendi tvo fulltrúa á IFLA þing sem haldið var í Wrocław í Póllandi í ágúst 2017 en mun ekki senda fulltrúa á IFLA þingið sem haldið verður í Kuala Lumpur í Malasíu í ágúst 2018. Þess í stað fara fulltrúar Upplýsingar á Next Library ráðstefnuna sem haldin verður í Berlín í september 2018. Fulltrúar Upplýsingar sinna ýmsum málefnum félagsins á þeim tíma sem þeir eru á IFLA. Þeir fara á fundi með fulltrúum norrænu bókavarðafélagana, hitta kollega í öðrum bókavarðafélögum, sitja aðalfund IFLA og nýta þar kosningarétt félagsins og margt fleira.

Formaður félagsins, Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar, hefur einnig unnið í sérstöku verkefni IFLA sem heitir IFLA Global Vision (<https://www.ifla.org/globalvision>) og var því verkefni hrundið af stað í apríl 2017. Kristjana sótti vinnustofu í Madrid á Spáni í boði IFLA þar sem lögð voru drög að alþjóðlegri könnun á meðal bókasafns- og upplýsingafræðinga, starfsfólks bókasafna og annars áhugafólks um framtíð bókasafna og fagsins okkar. Verkefnið var svo kynnt á IFLA ráðstefnunni í Wrocław í ágúst 2017 og könnun hrint af stað. Áframhald verður á þessu verkefni á árinu 2018 og mun Kristjana sinna því þar til því lýkur fyrir hönd Upplýsingar.

IFLA opnaði einnig nýjan vef á IFLA þinginu í ágúst 2017 sem ber nafnið, IFLA World Library Map (<https://librarymap.ifla.org/>). Sá vefur á að vera gagnasafn með upplýsingum um bókasöfn í hverju landi. Ísland er á kortinu en eingöngu með upplýsingar um Landsbókasafn.

Það vantar talsvert af tölfræðilegum upplýsingum til að við getum verið stolt af upplýsingum um Ísland á kortinu. Á döfinni er að fá einhvern til að taka að sér til að safna þeim upplýsingum sem þarf, vinna með þær og koma þeim til skila inn á vef IFLA um bókasöfn heimsins.

Að lokum

Formaður þakkar stjórninni fyrir gott samstarf og öllum þeim sem hafa lagt af mörkum vinnu fyrir Upplýsing. Þessi ómetanlega vinna er forsenda þess að Upplýsing geti boðið uppá metnaðarfullt félagsstarf og fræðslu. Einnig vill formaður og stjórn félagsins þakka félagsmönnum kærlega fyrir þátttökuna í öllum þeim viðburðum sem félagið hefur staðið fyrir og þeim hugmyndum sem félaginu hefur borist frá félagsmönnum.

Lög

Upplýsing, félags bókasafns- og upplýsingafræða

I. NAFN OG HLUTVERK

1. gr. – Nafn og varnarþing

Félagið heitir: Upplýsing - Félag bókasafns- og upplýsingafræða. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. – Markmið

Markmið félagsins eru:

- a) Að auka skilning á mikilvægi sérfræðiþekkingar bókasafns- og upplýsingafræðinga og annarra starfsmanna bókasafna og upplýsingamiðstöðva.
- b) Að efla skilning á mikilvægi íslenskra bókasafna og upplýsingamiðstöðva í þágu menningar, menntunar og vísinda.
- c) Að bæta aðstöðu til rannsókna og náms í bókasafns- og upplýsingafræði.
- d) Að efla samstarf og samheldni félagsmanna.
- e) Að gangast fyrir faglegri umræðu um bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar.
- f) Að stuðla að og standa fyrir símenntun félagsmanna.
- g) Að auka samvinnu ólíkra safnategunda.
- h) Að koma á samvinnu við innlenda og erlenda aðila með svipuð markmið.
- i) Að vera löggjafanum og stjórnvöldum til ráðgjafar um bókasafns- og upplýsingamál.
- j) Að starfa með Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga og öðrum stéttarfélögum eftir því sem við á.

II. FÉLAGSAÐILD

3. gr. – Félagsaðild

Rétt til félagsaðildar eiga:

- a) Bókasafns- og upplýsingafræðingar svo og þeir sem starfa á rannsóknarbókasöfnum, almenningsbókasöfnum, sérfræðibókasöfnum, skólasöfnum, starfsmenn stofnana og fyrirtækja sem vinna að upplýsingamiðlun.
- b) Nemar í bókasafns- og upplýsingafræði eða öðru námi á sviði upplýsingamiðlunar og -tækni geta átt aukaaðild að félaginu í allt að þrjú ár. Nemar, sem óska eftir aukaaðild, hafa málfrelsi á fundum en ekki atkvæðisrétt og eru ekki kjörgengir.
- c) Áhugamenn um markmið félagsins.
- d) Almenningsbókasöfn, skólasöfn og sérfræði- og rannsóknarbókasöfn, skjalasöfn svo og aðrar stofnanir og fyrirtæki sem starfa að upplýsingamálum.

Umsóknir um félagsaðild eru afgreiddar á stjórnarfundi.

Einstaklingar sem eiga fulla aðild að félaginu njóta allra þeirra réttinda og fríðinda, sem félagið býður upp á hverju sinni, auk eintaka af fréttabréfum og/eða fagttímaritum félagsins. Fulltrúar stofnana og fyrirtækja hafa ekki atkvæðisrétt á fundum og njóta hvorki kjörgengis né fríðinda, sem félagið býður upp á, en fá fagttímarit og fréttabréf þess.

III. SKIPULAG SVIÐA OG NEFNDA

4. gr. – Skipulag

Starfsemi félagsins skiptist í eftirfarandi svið:

- a) Stjórnunarsvið.
- b) Fjármálasvið.
- c) Útgáfusvið.
- d) Fræðslu- og ráðstefnusvið.
- e) Fagsvið.

Stjórn félagsins eða félagsfundi er heimilt að skipa hópa og nefndir og fela þeim ákveðin verkefni eftir nánari fyrirmælum hverju sinni. Þeim skal með erindisbréfi setja starfsreglur þar sem viðfangsefni er skilgreint, starfstímabil ákveðið og hver nefndarmanna sé ábyrgur fyrir störfum hennar.

IV. STJÓRN OG STJÓRNARSTÖRF

5. gr. – Stjórnarkjör

Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Auk þess skulu kosnir tveir varamenn.

Stjórnarkjöri skal hagað þannig:

- a) Formann og varaformann skal kjósa til tveggja ára. Þeir eru kosnir sérstaklega sitt árið hvor.
- b) Aðra stjórnarmenn skal kjósa til tveggja ára þannig að tveir eru kosnir annað árið og einn hitt árið. Varamenn eru kosnir til tveggja ára. Seta í stjórn skerðir ekki kjörgengi til formanns.

Ef stjórnarmaður lætur af stjórnarsetu áður en kjörtímabili hans lýkur og varamaður tekur sæti í hans stað, skal kjörtímabil hins síðarnefnda sem stjórnarmanns aðeins ná yfir þann tíma sem eftir er af stjórnarsetu þess sem hættir. Láti stjórnarmaður af störfum á aðalfundi áður en kjörtímabili hans lýkur skal annar kosinn í hans stað til jafnlangs tíma og eftir er af kjörtímabili þess fyrrnefnda.

Uppstillingarnefnd skal starfa í félaginu og skal hún gæta þess fyrir hvern aðalfund að ekki skorti framboð til stjórnarsetu.

Við stjórnarkjör skal leitast við að fulltrúar ólíkra safnategunda og faghópa eigi sæti í stjórn

félagsins, sem og í nefndum og vinnuhópum.

6. gr. – Stjórnarfundir

Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund. Stjórnarfund skal að jafnaði halda einu sinni í mánuði á tímabilinu september - apríl, en oftast ef þörf krefur. Svo og ef að minnsta kosti þrír stjórnarmenn æskja þess.

Formaður boðar til stjórnarfunda og eru þeir lögmætir sé meirihluti stjórnar mættur. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála á stjórnarfundum. Séu jafnmörg atkvæði með og á móti ræður atkvæði formanns úrslitum.

7. gr. – Verksvið stjórnar

Stjórnin fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Stjórnin annast rekstur félagsins og hagar störfum sínum í samræmi við lög og samþykktir þess.

Verkefni stjórnar er m.a. að:

- a) Bera ábyrgð á rekstri félagsins og þjónustu þess við félagsmenn.
- b) Koma fram fyrir hönd félagsins bæði á innlendum og erlendum vettvangi og afgreiða þau erindi sem því berast.
- c) Bera ábyrgð á útgáfumálum félagsins.
- d) Halda almenna félagsfundi.
- e) Halda við lista yfir stjórnir, nefndir og félög sem félagið á aðild að og sjá til þess að staðið sé við skuldbindingar.

V. AÐALFUNDUR

8. gr. – Aðalfundur

Aðalfund skal halda í maímánuði ár hvert. Til hans skal boðað skriflega með minnst tíu daga fyrirvara. Fundarboðinu fylgi dagskrá fundarins, ásamt tillögum um lagabreytingar, ef einhverjar eru.

Dagskrá aðalfundar:

- a) Skýrsla stjórnar.
- b) Skýrslur hópa og nefnda.
- c) Reikningar félagsins.
- d) Ákvörðun launa og þóknunar til stjórnarmanna.
- e) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs.
- f) Árgjald.
- g) Lagabreytingar.
- h) Kosning stjórnar og varamanna, sbr. 5 gr.
- i) Kosning skoðunarmanna reikninga.

j) Kosning í fastanefndir til tveggja ára í senn.

k) Önnur mál.

Aðalfundur telst lögmætur og ályktunarhæfur sé löglega til hans boðað. Stjórn félagsins er heimilt að boða til aukaaðalfundar ef þörf krefur. Skal hann boðaður á sama hátt og aðalfundur.

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa einungis skuldlausir félagar.

VI. FJÁRMÁL

9. gr. – Fjármál

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningar skulu lagðir fram á aðalfundi, yfirfarnir af kjörnum skoðunarmönnum.

10. gr. – Félagsgjöld

Aðalfundur ákveður árgjald hverju sinni að fenginni tillögu stjórnar. Nemar með aukaaðild greiða hálf árgjald einstaklings en stofnanir tvöfalt árgjald.

Eftirlaunafélagar og lífeyrisþegar geta óskað eftir að greiða hálf árgjald enda hafi þeir greitt félagsgjöld samfelld í að minnsta kosti 10 ár. Heiðursfélagar eru undanþegnir árgjaldi en njóta allra réttinda á við fullgilda félaga.

Einungis skuldlausir félagar njóta fullra réttinda og fríðinda félagsins. Hafi félagi ekki greitt félagsgjöld tvö ár í röð skal nafn hans felld út af félagaskrá

Greiðsluseðlar vegna félagsgjalda skulu sendir út í febrúar með eindaga 15. apríl.

VII. FÉLAGSFUNDIR

11. gr. – Félagsfundir

Til almennra félagsfunda skal stjórn félagsins boða skriflega. Til fundar er skylt að boða ef að minnsta kosti 20 fullgildir félagsmenn óska þess skriflega og tilgreina fundarefni. Skal þá fundurinn haldinn innan tveggja vikna.

VIII. LANDSFUNDUR

12. gr. – Landsfundur

Landsfundur skal halda að hausti annað hvert ár. Landsfundur skal að jafnaði vera tveggja daga ráðstefna þar sem fjallað um bókasafna- og upplýsingamál. Stjórn félagsins skipar landsfundarnefnd og er starfstími hennar milli landsfunda.

IX. LAGABREYTINGAR OG GILDISTAKA

13. gr. – Lagabreytingar

Lögum þessum er aðeins hægt að breyta á löglega boðuðum aðalfundi eða aukaaðalfundi. Tillögur um lagabreytingar verða að hafa borist stjórn félagsins fyrir 15. mars.

14. gr – Félagsslit

Komi fram tillaga um félagsslit skal hún rædd á sérstökum félagsfundi sem boðað er til í því skyni. Tillagan skal kynnt í fundarboði eigi síðar en 10 dögum fyrir félagsfundinn. Áður en tvær vikur eru liðnar frá þeim fundi skal kosið bréflega um félagsslit. Atkvæðisrétt hafa allir þeir félagsmenn sem greitt hafa árgjald það ár. Tillagan telst samþykkt hljóti hún stuðning 60% þeirra sem afstöðu taka.

Við félagsslit skulu eignir félagsins renna til starfandi félags bókasafns- og upplýsingafræðinga og/eða bókavarða samkvæmt nánari ákvörðun fráfarandi stjórnar. Sé slíkt félag ekki til skal eignunum varið til styrktar kennslu í bókasafns- og upplýsingafræði

Samþykkt á stofnfundi Upplýsingar 26. nóvember 1999

Breytingar 15.05.2001, 09.05.2005, 16.05.2006, 06.05.2008 og 11.05.2016

Heiðursfélagar Upplýsingar og fyrri bókavarðafélaga

1969	Guðmundur Gíslason Hagalín
1974	Björn Sigfússon
1978	Haraldur Sigurðsson
1980	Herborg Gestsdóttir
1985	Ólafur F. Hjartar
1985	Bjarni Vilhjálmsson
1985	Anna Guðmundsdóttir
1985	Anna Sigurðardóttir
1992	Hilmar Jónsson
1995	Finnbogi Guðmundsson
1996	Guðrún Gísladóttir
1996	Gunnar Markússon
1997	Kristín H. Pétursdóttir
1998	Þórdís Þorvaldsdóttir
2004	Einar Sigurðsson
2004	Else Mia Einarsdóttir
2004	Erla Jónsdóttir
2004	Haraldur Guðnason
2004	Hulda Sigfúsdóttir
2004	Lárus Zophoníasson
2004	Ólafur Pálmason
2004	Óli J. Blöndal
2007	Sigrún Klara Hannesdóttir
2007	Svanlaug Baldursdóttir
2012	Anna Torfadóttir
2012	Arndís S. Árnadóttir
2014	Hulda Björk Þorkelsdóttir
2016	Þórdís T. Þórarinsdóttir
2017	Marta Richter

***Upplýsing, félag bókasafns- og
upplýsingafræða
kt. 571299-3059***

Ársreikningur 2017

***Hjá Maddý ehf.
Eyrarvegur 27
800 Selfoss***

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar	2
Áritun skoðunarmanns	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5 - 6
Sjóðstreymi	7
Skýringar og sundurliðanir	8 - 10

Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða

kt. 571299-3059

Pósthólf 8865

128 Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn félagsins gerir tillögu um að rekstrar niðurstaða ársins verði yfirfærð til næsta árs, en að öðru leyti vísast til eiginfjárreikninga.

Stjórn Upplýsingar og formaður stjórnar staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2017 með áritun sinni.

Selfossi 20. apríl 2018

Stjórn Upplýsingar

Magný Rós Sigurðardóttir

Kristína Mjöll Jensen-Hjörvar

Alda Davidadóttir

Jóna Guðmundsd.

Sigurlaug Rósa Guðmundsd.

Áritun skoðunarmanns

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Upplýsing, árið 2017
Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðsstreymi, yfirlit yfir
og skýringar 1-11.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð
óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða félagið við að leggja fram
ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður
á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til
sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar
upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Selfossi 20. apríl 2018

Hjá Maddý ehf.

*Margrét K. Erlingsdóttir
kt. 040362-3399
viðurkenndur bókarí*

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýringar	2017	2016
Rekstrartekjur			
Vörusala		4.524.000	11.530.220
		<u>4.524.000</u>	<u>11.530.220</u>
Rekstrargjöld			
Rekstrarkostnaður	1	4.510.924	10.826.598
		<u>4.510.924</u>	<u>10.826.598</u>
Rekstrarhagnaður		13.076	703.622
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld		(85.717)	(143.251)
Vaxtatekjur		545.173	218.927
		<u>459.456</u>	<u>75.676</u>
Hagnaður ársins		<u>472.532</u>	<u>779.298</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýringar	2017	2016
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstarfjármunir:	4	<u>0</u>	<u>0</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		0	48.773
Bankareikningar í vörslu félagsins		2.027.151	1.999.694
Bankareikningar í eigu félagsins		<u>9.837.919</u>	<u>9.195.391</u>
		11.865.070	11.243.858
Eignir samtals		<u><u>11.865.070</u></u>	<u><u>11.243.858</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2017	2016
Eigið fé	6		
Óráðstafað eigið fé		11.716.390	11.243.858
		<u>11.716.390</u>	<u>11.243.858</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		148.680	0
		<u>148.680</u>	<u>0</u>
Skuldir samtals		148.680	0
Eigið fé og skuldir samtals		<u>11.865.070</u>	<u>11.243.858</u>

Sjóðstreymi ársins 2017

	Skýringar	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
(Tap) hagnaður ársins		472.532	779.298
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur á langtímaskuldir		0	0
		<u>472.532</u>	<u>779.298</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		48.773	
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		148.680	
		<u>197.453</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>669.985</u>	<u>779.298</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Fjármögnunarhreyfingar			
		0	0
Hækkun á handbæru fé		669.985	779.298
Handbært fé í byrjun ársins		11.195.085	10.415.787
Handbært fé í árslok		<u>11.865.070</u>	<u>11.195.085</u>

Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hér verður gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum.

Sala

Seldar vörur og þjónusta er færð til tekna í rekstrarreikningi að fráðregnum afslætti og virðisaukaskatti. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma vöru og þjónustu.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

Skýringar

	2017	2016
1. Rekstrarkostnaður		
Jólagleði, vísindaferð o.fl.	222.332	363.790
Húsaleiga með vsk.	140.887	804.168
Áhaldakostnaður	17.995	31.933
Ritföng, pappír og prentun	145.868	803.629
Rekstur tölvukerfis	396.061	746.717
Sími	28.040	34.281
Burðargjöld	214.065	216.919
Funda- og viðskiptakostnaður	347.325	878.624
Aðkeypt þjónusta	1.086.701	1.042.225
Morgunkorn	18.617	8.879
Bókasafnsdagurinn	524.473	370.190
Landsfundur	164.250	4.476.448
Styrkir	30.000	15.810
Ráðstefnur	945.737	351.663
Ferðasjóður	85.800	548.807
Aðildagjöld	117.044	132.515
Auglýsingar	25.729	0
	4.510.924	10.826.598